

23. tbl.

7. júní. 2023

30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Aðalsafnaðarfundur Nessóknar

verður haldinn í Neskirkju

fimmtudagskvöldið 15. júní kl 20.30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosningar.

Önnur mál.

Kv. Stjórnin



## Þingeyjarsveit

Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum 25. maí s.l. að skipulagslýsing begna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 skyldi auglýst í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að frístundabyggð er breytt í íbúðabyggð, 6 frístundahúsalóðir verða að 8 íbúðarhúsalóðum og heimilt byggingarmagn aukið úr 120 fm í 250 fm.

Skipulagslýsingu er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins undir skipulagsmál.

Athugasemdum skal skila í tölvupósti á [atli@thingeyjarsveit.is](mailto:atli@thingeyjarsveit.is) eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins að Kjarna, 650 Laugar.

Frestur til að gera athugaemdir er til 16. júní n.k.



**Fundargerð 25. fundur**  
**Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar 2022-2026**  
**17.05.2023**

Haldinn í Þinghúsinu Breiðumýri miðvikudaginn 17. maí kl. 16:00

**Fundarmenn**

Gerður Sigtryggsdóttir, Haraldur Bóasson, Knútur Emil Jónasson  
Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur  
Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson  
Arnór Benónýsson

**Starfsmenn**

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Fundargerð ritaði: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Oddviti setti fund og óskaði eftir að taka á dagskrá sem 2 lið Ályktun frá starfsfólki Pingeyjarskóla og 5 lið Trúnaðarmál.

**1. Ályktun frá starfsfólki Reykjahlíðarskóla - 2304035**

Lögð fram ályktun frá starfsfólki Reykjahlíðarskóla þar sem þau lýsa sig einróma samþykk tillögu fræðslu- og velferðarnefndar um að 9. bekkur Reykjahlíðarskóla haldi áfram skólagöngu sinni alla daga í Pingeyjarskóla. Telja starfsmenn þessa ákvörðun góða fyrir nemendur þar sem þeir hafa myndað góð tengsl við nemendur og starfsfólk Pingeyjarskóla.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki Reykjahlíðarskóla ályktunina.

Lagt fram

**2. Ályktun frá starfsfólki Pingeyjarskóla – 2304035**

Lögð fram ályktun starfsfólks tónlistar- og grunnskóladeildar Pingeyjarskóla þar sem þau lýsa sig meðmælt þeirri tillögu að nemendur 9. -10. bekkja ofan úr Mývatnssveit verði nemendur Pingeyjarskóla næsta skólaár og sæki þar fullan skóla. Mikilvægt er að nemendur upplifi sig sem eina heild og hluti af því er að vera á einum stað, þ.e. ekki tvískipt. Einnig kemur þetta inn á jafnræði milli allra nemenda og foreldra þeirra. Fundurinn telur nauðsynlegt að nemendum verði það að fullu ljóst og að þeir geti treyst á að þeir séu nemendur Pingeyjarskóla með þeim skyldum og réttindum sem því fylgir. Því sé best að nemendurnir séu alfarið á forræði Pingeyjarskóla ef áframhaldandi ósk er um að Pingeyjarskóli taki við nemendum 9.-10. bekkja ofan úr Mývatnssveit.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki Pingeyjarskóla ályktunina.

Lagt fram

**3. Erindi til sveitarstjórnar - 2305021**

Lagt fram bréf frá stjórn foreldrafélags skólanna í Mývatnssveit dags. 12. maí sl. Þar sem þau lýsa m.a. áhyggjum sínum af mönnunarvanda skólanna í Mývatnssveit og skorti á íbúðarhúsnæði. Einnig benda þau á að leiksvæði við leikskólann Yl þarf að stækka og bæta sem og að ekkert leiksvæði fyrir börn sé að finna í Reykjahlíðarþorpi.

Sveitarstjórn þakkar foreldrafélagi Reykjahlíðarskóla fyrir erindið.

Mönnunarvandi í Leikskólanum Yl hefur verið viðvarandi undanfarin ár og því miður hefur

ekki verið tekist að manna stöður í leikskólanum þrátt fyrir að störfin hafi verið auglýst á landsvísu.

Hluti vandans hefur verið húsnæðisskortur en fyrirsjáanleg er talsverð aukning á íbúðarhúsnæði í Reykjahlíðarþorpi með nýbyggingum sem eru í undirbúningi. Einnig hefur sveitarfélagið leitað eftir samstarfi við heimafólk um tímabundna útleigu á húsnæði sem laus meðan byggt er.

Leiksvæði barna og næsta umhverfi skólanna í Reykjahlíð þarf að skoða frekar og verður nýjum starfsmanni umhverfis- og framkvæmdasviðs falið að skoða svæðin og gera tillögur að úrbótum.

Samþykkt

#### **5. Trúnaðarmál - 2305026**

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu og felur sveitarstjóra afgreiðslu hennar.

Samþykkt

#### **4. Fræðslu- og velferðarnefnd - 9. fundur - 2303006F**

Lögð er fram til kynningar fundargerð 9. fundar fræðslu- og velferðarnefndar frá 26. apríl sl. og var fundinum framhaldið 4. maí sl. Afgreiðslu fundargerðarinnar var frestað á 24. fundi sveitarstjórnar þann 11. maí sl. Fundargerðin er í 9 liðum. Liðir 1,3,4,5,6,7,8 og 9 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Aðrir liðir eru lagðir fram til kynningar.

#### **4.1 2304025 - Skóladagatal**

Sveitarstjórn staðfestir skóladagatöl grunnskóla Þingeyjarsveitar.

#### **4.2 2210019 - Skólastarf í Þingeyjarskóla**

#### **4.3 2304003 - Reglur um innritun í skóla Þingeyjarsveitar**

Sveitarstjórn samþykkir reglur um innritun barna og skólavist í grunnskólum Þingeyjarsveitar og felur verkefnastjóra fjölskyldumála að birta þær á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### **4.4 2304029 - Reglur um skólaakstur í Þingeyjarsveit**

Sveitarstjórn vísar drögunum til nefndarinnar til frekari útfærslu.

#### **4.5 2304024 - Verklagsreglur leikskóla Þingeyjarsveitar**

Sveitarstjórn vísar verklagsreglum leikskóla Þingeyjarsveitar til fræðslu- og velferðarnefndar til frekari útfærslu.

#### **4.6 2304005 - Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni**

Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni og felur verkefnastjóra fjölskyldumála að birta reglurnar á heimasíðu sveitarfélagsins.

#### **4.7 2302023 - Bjarni Árdal - bygging sparkvallar á skólalóð Stórutjarnaskóla** Til máls tóku:

Árni Pétur Hilmarsson og Eyþór Kári Ingólfsson.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara.

#### **4.8 2302024 - Dóra Rún Kristjánsdóttir - Húsnæði leikskólans Tjarnaskjól**

Til máls tók: Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn vísar til bókunar á 20. fundi sveitarstjórnar þann 9. mars sl. 6 lið.

"Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir stöðu Leikskólans Tjarnaskjólís og tekur undir mikilvægi þess að leikskólahúsnæði uppfylli þarfir barna sem þar dvelja.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að á fyrri hluta kjörtímabilsins verði málefnum leikskólans Tjarnaskjólís komið í farveg og felur jafnframt verkefnastjóra framkvæmda og skólastjórnendum að útfæra hugmyndir að framtíðarlausn leikskólans í áframhaldandi samstarfi við grunnskólann og verði vinnunni lokið fyrir vinnu við fjárhagsáætlun 2024."

Sveitarstjórn ítrekar vilja sinn til að koma Leikskólanum Tjarnaskjólí í varanlegt húsnæði og felur verkefnastjóra framkvæmda að funda með stjórnendum skólans og útfæra framtíðarlausn fyrir leikskólann.

**4.9 2304035 - Minnispunktar stýrihóps um samvinnu Reykjahlíðar- og Þingeyjarskóla** Til máls tóku: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir og Knútur Emil Jónasson.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu fræðslu- og velferðarnefndar um að 9.-10. bekkur Reykjahlíðarskóla færist til Þingeyjarskóla og verði nemendur þar skólaárið 2023-2024.

Sveitarstjórn felur verkefnastjóra fjölskyldumála að taka tillit til þessara breytinga við útboð á skólaakstri. Að loknu útboði verður sveitarstjóra og oddvita falið að leggja viðauka fyrir sveitarstjórn.

Með skilum á minnisblaði hefur stýrihópur um samvinnu Reykjahlíðar- og Þingeyjarskóla lokið starfi sínu og þakkar sveitarstjórn þeim fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið kl. 16:35.



## Messa með fermingu á Þóroddsstað

Messa með fermingu verður á Þóroddsstað  
næstkomandi laugardag, 10. júní klukkan 11:00

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.